

**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 25. júní 1987****um breytingu á tilskipun 71/316/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit****(87/355/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Bæta þarf teikningum af auðkennisstöfumum E fyrir Spán, EL fyrir Grikkland og P fyrir Portúgal við II. viðauka tilskipunar ráðsins 71/316/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi sameiginleg ákvæði um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit <sup>(4)</sup>, eins og

henni var síðast breytt með tilskipun 87/354/EBE <sup>(5)</sup>.

Enn fremur er nauðsynlegt að breyta téðum viðauka með því að setja teikningu af auðkennisstöfumum IRL fyrir Írland í stað IR.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

1. Auðkennisstöfumum E, EL, og P er hér með bætt við teikningar þær sem um getur í lið 3.2.1. í II. viðauka við tilskipun 71/316/EBE og auðkennisstafirmir IRL koma í stað IR.

2. Fyrirmyndir að þessum auðkennisstöfum eru sýndar hér að neðan:

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 317, 10. 12. 1986, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Álitum var skilað 19. júní 1987 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. C 150, 9. 6. 1987, bls. 4.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 202, 6. 9. 1971, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 192, 11. 7. 1987, bls. 43.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1987. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 25. júní 1987.

*Fyrir hönd ráðsins,*

H. DE CROO

*forseti.*

---